

Ed.

559. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 21, 9. júlí 1909, um fiskimat.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr. laganna orðist svo:

Allur saltfiskur, verkaður og óverkaður, sem fluttur er bjeðan af landi og fara á til Spánar, Ítalíu eða annara Miðjarðarhafslanda, hvort heldur beina leið eða um önnur lönd, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna.

Sömu meðferð skal hafa á öðrum saltfiski, sem verkaður er í landinu og ætlaður er til útflutnings.

Óverkaður saltfiskur, sem gengur kaupum og solum innanlands, skal metinn á sama hátt, ef hann er ætlaður til verkunar í landinu og útflutnings.

Yfirmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hjer að lútandi, er þeim er skylt að hlýða, sem hlut eiga að máli. Hverjum fiskfarmi skal fylgja vottorð yfirmatsmanns, ritað á farmskrána.

Nánari reglur um matið og meðferð vörunnar, bæði við útflutning og í útflutningsskipunum, skulu settar í erindisbrjefum yfirmatsmanna, sem stjórnarráðið gefur út.